



**BORGARRÁÐ 26. febrúar 2026: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa
Framsóknarflokksins um stöðu samkomulags vegna barna með fjölpættan vanda
- MSS26020115**

Óskað er eftir upplýsingum um stöðuna á samkomulagi stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölpættan vanda frá 19. mars 2025. Borgarfulltrúi Framsóknar vill vita hvort ríkið hafi efnt samkomulagið og óskar því eftir upplýsingum um hversu há fjárhæð rann til Reykjavíkurborgar á grundvelli samkomulagsins á árinu 2025. Þá er einnig óskað eftir upplýsingum um hvernig framkvæmd þjónustu við börn sem þiggja 3. stigs þjónustu hefur tekið breytingum frá 1. janúar 2026 og hvernig greiðslum fyrir þessa þjónustu er háttað.

Greinargerð:

Þann 19. mars 2025 gerðu stjórnvöld samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölpættan vanda. Í samkomulaginu kemur fram að ríkið skuldbindi sig til þess að auka fjárframlög til sveitarfélaganna á árinu 2025 vegna kostnaðar sem fellur til við veitingu þriðja stigs þjónustu við þessi börn. Þar kemur fram að viðbótarfjármunum verði útdelt til sveitarfélaga frá mennta- og barnamálaráðuneyti að undangengnu mati sérfræðingateymis, sem starfrækt er á grundvelli 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Frá 1. júní 2025 muni ríkið því veita 1,7 ma. kr. aukalega til vistunar barna utan heimilis, sbr. 20. og 21. gr. laga nr. 38/2018, sem komi til viðbótar því fjármagni sem þegar var búið að ráðstafa vegna barna með fjölpættan vanda í fjárlögum ársins 2025. Þá kemur einnig fram að ríkið taki að sér framkvæmd og ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölpættan vanda sem búsett eru utan heimilis og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á 3. stigi eigi síðan en 1. janúar 2026.

